

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 312/1992.

Sigurður Þór Guðjónsson

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Tómasi Helgasyni

Ríkisspítölunum

(Guðríður Þorsteinsdóttir hdl.)

landlækni f. h. landlæknisembættisins

og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu

Sjúkrahús. Sjúkraskrá. Upplýsingaskylda. Læknar. Dagsektir. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1992. Hann krefst þess, að stefndi Tómas Helgason yfirlæknir verði dæmdur – að viðlögðum tíu þúsund króna dagsektum – til að afhenda áfrýjanda afrit allra sjúkraskráa, sem um sig hafa verið gerðar fyrir og síðar og eru í förum stefnda persónulega eða sem yfirlæknis Landspítalans, geðdeildar. Á hendur öðrum stefndu krefst hann þess, að þeim verði gert að þola, að stefndi Tómas afhendi sjúkraskrárnar. Þá krefst hann greiðslu málskostnaðar in solidum úr hendi allra stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Gjafsókn var veitt fyrir Hæstarétti 23. október 1992.

Af hálfu stefndu Tómasar Helgasonar og Ríkisspítalanna er aðallega krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara er þess krafist, að stefndu verði hvorki skyldaðir til að afhenda upplýsingar úr sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi og heilbrigðisstarfsfólki, né upplýsingar um þriðja mann. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis var þess krafist í greinargerð, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur. Við munnlegan flutning málsins var ekki sótt þing af hálfu þessara stefndu.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Aðila greinir ekki á um staðreyndir málsins.

Áfrýjandi, sem hafði öðru hverju verið sjúklingur á geðdeild Landspítalans á árunum 1976 til 1986, óskaði eftir því með bréfi 29. júní 1988, að stefndi Tómas Helgason afhenti sér allar sjúkraskrár, sem um sig höfðu verið gerðar. Stefndi Tómas var þá yfirlæknir deildarinnar og er það enn. Er um það deilt í málinu, hvort lög kveði á um, að þetta skuli gert.

Í bréfi áfrýjanda krafðist hann afhendingar sjúkraskráanna með vísun til 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, sem tóku gildi 1. júlí 1988. Ákvæðið hljóðaði þá svo:

„Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni, ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings.

Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu, er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.“

Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi að læknalögum, kom fram, að hér væri um að ræða nýmæli í lögum, en ekki í framkvæmd. Fyrir gildistöku læknalaga nr. 53/1988 hafði þó sú meginregla verið lögfest, að einstaklingar ættu rétt á án ástæðulausrar tafar að kynna sér þær upplýsingar, sem skráðar hefðu verið um einkahagi þeirra, nema mikilvægir almannahagsmunir eða hagsmunir einkaaðila mæltu því í gegn, sbr. 10. gr. laga nr. 39/1985 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Sérákvæði var sett um upplýsingar úr sjúkraskrá, þar sem læknir viðkomandi átti að koma upplýsingunum á framfæri við hann. Ákvæði þessi komu fyrst í lög 1981, en fyrir þann tíma voru engar skráðar réttarreglur á þessu sviði.

Aðila greinir ekki á um, að í sjúkraskrá eigi að vera nafn hvers sjúklings, aldur, staða, heimilisfang, komudagur og brottfarardagur, heilsufars- og sjúkrasaga, niðurstöður læknisskoðunar og rannsóknna, sjúkdómsgreining, meðferð og afdrif við burtför, sbr. áður

reglugerð nr. 34/1964, en nú reglugerð nr. 227/1991. Þá er ekki um það deilt, að skráin eigi að vera eign sjúkrastofnunar og sé færð á ábyrgð yfirlæknis.

Áfrýjandi ítrekaði beiðni sína við stefnda Tómas nokkrum sinnum árin 1988, 1989 og 1990 án þess að fá jákvætt eða neikvætt svar við fyrirspurn sinni. Þá leitaði hann liðsinnis landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis varðandi ósk sína. Í byrjun árs 1989 leitaði hann til umboðsmanns Alþingis og kvartaði undan því, að yfirlæknir geðdeildar Borgarspítalans hefði í bréfi 4. júlí 1988 hafnað ósk sinni um sjúkraskýrslur frá þeirri deild. Fram kemur af gögnum málsins, að þessir aðilar, sem hann leitaði til, voru allir á einu máli um, að áfrýjandi ætti rétt á því að fá upplýsingar úr sjúkraskýrslum. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, að séð væri um, að farið yrði að fyrirmælum 1. og 2. mgr. 16. gr. læknalaga varðandi beiðni áfrýjanda. Tilraunir þessara aðila til að fá stefnda Tómas til að verða við beiðninni báru þó ekki árangur.

II.

Með lögum nr. 50/1990 var 16. gr. læknalaga breytt, og hljóðar hún nú svo:

„Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða lækni sem hana færir.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsfólki, skal ekki sýna nema með samþykki þess er upplýsingarnar gaf.

Nú telur læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár og skal læknir þá án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlæknir skal innan átta vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.“

Með bréfi 26. júní 1990 til lögmanns áfrýjanda svaraði stefndi Tómas Helgason síðan erindi áfrýjanda. Þar segir meðal annars: „Alþingi tók hins vegar af allan vafa með breytingu þeirri, sem það samþykkti á 16. gr. lækna laganna frá 1988 um það, að afhendingar-ákvæðið skyldi ekki vera afturvirk (lög nr. 50/1990). . . .“

Í samræmi við þetta verður reglum geðdeildarinnar um afhendingu eldri sjúkraskráa ekki breytt. Hins vegar er rétt að taka fram, að hafi sjúklingar óskað eftir því að fá að vita hvað í sjúkraskrá stæði, hefur sá sérfræðingur, sem haft hefur þá til meðferðar, veitt þeim upplýsingar um það sem máli skiptir. Mun þeirri reglu verða fylgt áfram.“

III.

Af þeim lagaákvæðum, sem rakin hafa verið hér að framan, er ljóst, að sú meginregla var lögfest 1981, að einstaklingar eigi rétt á að kynna sér þær upplýsingar, sem stjórnvöld hafa skráð um einkahagi þeirra, nema mikilvægir almannahagsmunir eða hagsmunir einkaaðila mæli því í gegn. Þessi meginregla gildir einnig um sjúkraskrár. Hins vegar gilti það frávik um tilhögun kynningarinnar fyrir gildistöku lækna laga nr. 53/1988, að læknir viðkomandi átti að koma upplýsingunum á framfæri við hann.

Með lögum nr. 53/1988 var þessari framkvæmd breytt í það horf, sem 16. gr. segir fyrir um, og var engin undantekning gerð í lögum um sjúkraskrár, sem gerðar höfðu verið fyrir gildistöku þeirra. Var breytingin staðfest í 10. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, þegar þau leystu af hólmi lög nr. 39/1985. Áfrýjandi miðaði beiðni sína við gildistöku laga nr. 53/1988 og hafði margítrekað hana, áður en þeim var breytt með lögum nr. 50/1990. Átti hann skýlausan rétt á, að stefndi Tómas uppfyllti laga skyldu sína án ástæðulausrar tafar, eins og sagði í almenna ákvæðinu um rétt einstaklinga til upplýsinga í 10. gr. laga nr. 39/1985, sem í gildi voru, þegar beiðni áfrýjanda kom fram.

Lög nr. 50/1990 verða ekki skilin á þann veg, að þau nái til upp-

lýsinga, sem þegar hafði verið óskað eftir fyrir gildistöku þeirra. Reynir því ekki á ákvæði þeirra við úrlausn um fyrrgreinda laga-skyldu stefnda Tómasar.

Af gögnum málsins kemur fram, hver voru viðbrögð stefnda Tómasar við erindi áfrýjanda. Verður að skilja þau svo, að honum hafi þótt vafi leika á um nauðsyn afhendingar gagnanna. Bar honum því að fara að fyrirmælum 2. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988 og afhenda þau landlækni. Átti landlæknir síðan að annast frekari afgreiðslu erindis áfrýjanda. Hins vegar varð stefndi Tómas ekki við tilmælum landlæknis, sem fram komu í bréfi hins síðarnefnda frá 23. ágúst 1989, um að afhenda sér skrárnar eða afrit þeirra. Samkvæmt 18. gr. laganna var stefndi Tómas háður eftirliti landlæknis, og bar landlækni að sjá til þess, að hann héldi ákvæði þeirra, og knýja hann til þess samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna, ef annað dugði ekki til, sbr. einnig I. kafla laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, nú lög nr. 97/1990.

Samkvæmt þessari niðurstöðu á áfrýjandi rétt á að fá afrit allra sjúkraskráa, sem um hann hafa verið gerðar og eru í vörslum stefnda Tómasar, með þeim hætti, sem að neðan greinir. Með heimild í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988, nú 4. mgr. greinarinnar, sbr. lög nr. 50/1990, ber stefnda Tómasi að framkvæma það með því að skila afriti allra sjúkraskráa hans til landlæknis innan eins mánaðar frá uppsögu dóms þessa að viðlagðri tíu þúsund króna sekt fyrir hvern dag, sem líður fram yfir þann tíma. Annast stefndi landlæknir þá frekari fyrirgreiðslu erindis áfrýjanda og afhendir honum afrit af skránum eða hluta úr þeim með þeim takmörkunum, sem leiðir af rétti annarra, sbr. áður 10. gr. laga nr. 39/1985 og nú 3. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988, sbr. lög 50/1990. Landlækni verður þó ekki lögð sú skylda á herðar með dóminum, þar sem kröfugerð áfrýjanda nær ekki til þess.

Stefndu skulu in solidum greiða 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og renna þær í ríkissjóð. Staðfest er ákvæði hins áfrýjanda dóms um gjafsóknarkostnað. Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun gjafsóknarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda, Sigurðar Þórs Guðjónssonar, til að fá upplýsingar um það, sem skráð er um hann í sjúkraskrá og er í vörslum stefnda Tómasar Helgasonar persónulega eða sem yfirlæknis geðdeildar Landspítala Íslands.

Upplýsingarnar skulu veittar á þann hátt, að stefndi Tómas afhendi stefnda landlækni vegna áfrýjanda, Sigurðar Þórs Guðjónssonar, afrit allra sjúkraskráa, sem um hann hafa verið gerðar fyrr og síðar og eru í fórum stefnda Tómasar persónulega eða sem yfirlæknis Landspítalans, geðdeildar, að viðlagðri tíu þúsund króna sekt fyrir hvern dag, sem líður fram yfir 30 daga frá uppkvaðningu dóms þessa.

Stefndu Ríkisspítalarnir, landlæknir og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skulu hlíta þessari afhendingu sjúkraskráanna.

Stefndu, Tómas Helgason, Ríkisspítalarnir, landlæknir fyrir hönd landlæknisembættisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, skulu greiða in solidum í ríkissjóð 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurði Þór Guðjónssyni rithöfundu, kt. 101047-2969, Skúlagötu 68, Reykjavík, gegn Tómasi Helgasyni, kt. 140227-2429, yfirlækni, Stigahlíð 75, Reykjavík, landlækni f. h. landlæknisembættisins, kt. 710169-5009, stjórn Ríkisspítalanna f. h. Ríkisspítalanna, kt. 540269-6379, og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, kt. 600169-6109, með stefnu, birtri 24. og 25. janúar 1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi Tómas Helgason yfirlæknir

verði dæmdur – að viðlagðri tíu þúsund króna sekt á dag – til að afhenda stefnanda afrit allra sjúkraskráa, sem um hann hafa verið gerðar fyrir og síðar og eru í fórum stefnda persónulega eða sem yfirlæknis Landspítalans, geðdeildar. Þá er og krafist málskostnaðar alls úr hendi stefnda Tómasar. Á hendur stefndu landlækni, stjórn Ríkisspítalanna og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eru gerðar þær kröfur, að þeim verði dæmt skylt að þola dóm um framangreindar dómkröfur á hendur stefnda Tómasi og til að greiða in solidum stefnanda málskostnað allan, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi hefur með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 17. apríl 1991, fengið gjafsókn fyrir undirrétti.

Dómkröfur stefndu Tómasar Helgasonar og Ríkisspítalanna eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins. Til vara er gerð sú krafa, að stefndu verði ekki skyldaðir til að afhenda upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi og heilbrigðisstarfsfólki, né upplýsingar um þriðja mann.

Dómkröfur stefndu landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eru um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Málsatvik.

Stefnandi hefur verið lagður inn á Landspítala, geðdeild, Reykjavík. Gerðist það á árunum 1976 til 1986. Hinn 29. júní 1988 ritaði hann stefnda Tómasi Helgasynti bréf og óskaði eftir að „fá afhentar sjúkraskrár sínar vegna innlagna á deildir Kleppsspítala á árunum 1976 til 1986“. Í því sambandi vísaði stefnandi til 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, sem taka áttu gildi 1. júlí 1988. Bréf sitt ítrekaði stefnandi með bréfi, dags. 21. júlí 1988. Í svarbréfi stefnda Tómasar, dags. 27. júlí 1988, kemur fram, að hann hafi leitað leiðbeininga stefnda landlæknis um, hvernig haga skyldi framkvæmd í sambandi við 16. gr. læknalaga. Að þeim fengnum yrði bréfi stefnanda svarað.

Með bréfi stefnda Tómasar til landlæknis, dags. 1. júlí 1988, óskaði hann eftir leiðbeiningum um framkvæmd 16. gr. læknalaga nr. 53/1988. Í bréfinu eru og vangaveltur um afturvirkni laganna, þ. e., hvort lækni beri skylda til að afhenda sjúkraskrá, sem skráð sé fyrir gildistöku laganna, eða hvort eingöngu beri að afhenda sjúkraskrár, sem skráðar séu eftir gildistöku laganna. Í bréfi þessu er og tekið fram, að ekki sé unnt að verða við beiðni sjúklinga um afhendingu gagna, fyrr en álit landlæknis á framangreindum atriðum liggja fyrir.

Með bréfi til stefnda Tómasar, dags. 31. maí 1989, ítrekaði stefnandi beiðni sína um afhendingu sjúkraskráa, er hann vörðuðu.

Með bréfi landlæknis til stefnda Tómasar, dags. 23. ágúst 1989, var óskað eftir afriti af sjúkraskrá stefnanda sem trúnaðarmáli til frekari fyrirgreiðslu, sbr. 16. gr. læknalaga nr. 53/1988. Í svarbréfi til landlæknis, dags. 21. september 1989, ítrekaði stefndi Tómas ósk sína um leiðbeiningar í bréfi frá 1. júlí 1988.

Með bréfi landlæknis til stefnda Tómasar, dags. 6. október 1989, var ítrekuð beiðni um að fá afrit af sjúkraskrá stefnanda. Í bréfi þessu segir m. a. svo: „Að vísu hefur ráðuneytið ekki enn afgreitt reglugerð um afhendingu sjúkraskrár, en í lögum (53/1988) er enginn fyrirvari um afturvirkni.“ . . . „Umboðsmaður Alþingis hefur staðfest það bréfliga að afturvirkni eigi ekki við í þessu tilfalli.“

Með bréfi stefnda Tómasar til landlæknis, dags. 13. nóvember 1989, lýsti hann þeirri skoðun sinni, að „hvorki beri að afhenda sjúklingum sjúkraskrár né afrit þeirra sjúkraskráa sem ritaðar eru fyrir gildistöku núgildandi læknalaga“.

Í bréfi landlæknis til stefnda Tómasar, dags. 14. desember 1989, er tekið fram, að það sé skoðun embættisins, að afhenda beri stefnanda afrit af sjúkraskrá hans.

Stefnandi hafði einnig verið sjúklingur á geðdeild Borgarspítalans og óskað eftir sjúkraskrám þaðan. Yfirlæknir Borgarspítala neitaði að afhenda sjúkraskýrslurnar, þar sem hann taldi ákvæði 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 ekki ná til sjúkraskráa, sem eldri væru en lögin.

Með bréfi, dags. 19. janúar 1989, leitaði stefnandi til umboðsmanns Alþingis vegna synjunar á afhendingu sjúkraskráa frá Borgarspítala. Í niðurstöðu umboðsmanns, dags. 29. desember 1989, sagði m. a., að það væri álit hans, að fyrir gildistöku læknalaga hefði sú meginregla gilt, að einstaklingar ættu rétt á að kynna sér þær upplýsingar, sem stjórnvöld hefðu skráð um einkahagi þeirra, nema mikilvægir hagsmunir mæltu gegn því. Til hliðsjónar vísaði umboðsmaður í 10. gr. l. nr. 39/1985 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Taldi umboðsmaður, að fara bæri með eldri sjúkraskrár eftir 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, enda hefði enginn fyrirvari verið gerður í gildistökuákvæðum VIII. kafla laganna.

Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til stefnda Tómasar, dags. 9. janúar 1990, kemur fram, að þess sé vænst, að mál stefnanda verði afgreitt í samræmi við álit ráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis.

Með bréfi til stefnda Tómasar, dags. 18. janúar 1990, ítrekaði landlæknir enn beiðni sína um afhendingu sjúkraskráa stefnanda.

Í bréfi til landlæknis, dags. 19. febrúar 1990, kemur fram, að stefndi Tómas hafi ásamt Hannesi Péturssyni, yfirlækni geðdeildar Borgarspítalans, leit að eftir, að Læknafélag Íslands kannaði stöðu þeirra varðandi beiðnir þessar nánar, og beið þó sé eftir niðurstöðu þeirrar könnunar.

Með bréfi til heilbrigðisráðherra, dags. 23. febrúar 1990, óskaði stefnandi eftir atbeina ráðherra, til að lagaskyldu varðandi afhendingu sjúkragagna yrði framfylgt.

Með bréfi til stefnda Tómasar, dags. 9. mars 1990, ítrekaði stefnandi beiðni sína um afhendingu sjúkraskýrslna vegna dvalar sinnar á geðdeild Landspítala, og vitnaði hann þar m. a. til álits umboðsmanns Alþingis um afhendingu sjúkraskráa frá geðdeild Borgarspítalans.

Um miðjan mars 1990 lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fram frumvarp til breytinga á lækna­lögum nr. 53/1988, og var þar m. a. gert ráð fyrir, að ákvæði 2. mgr. 16. gr. lækna­laga tækju einnig til sjúkraskráa, sem færðar væru fyrir gildistöku laga nr. 53/1988. Þessu var breytt í meðförum Alþingis. Lagði heilbrigðis- og trygginganefnd til, að lagaákvæði þetta tæki ekki til sjúkraskráa, sem færðar voru fyrir gildistöku laganna, og var sú breyting lögfest með lögum nr. 50/1990, sem gildi tóku 31. maí 1990.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda Tómasar, dags. 16. maí 1990, var ítrekuð krafa stefnanda um afhendingu sjúkraskráa, sem um hann fjalla.

Í bréfi heilbrigðisráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis frá 21. maí 1990 kemur fram sú skoðun ráðuneytisins, að lækni sé ekki skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit af sjúkraskrá, sé um að ræða sjúkraskrár, sem færðar voru fyrir gildistöku lækna­laga nr. 53/1988.

Í svarbréfi stefnda Tómasar, dags. 26. júní 1990, er vitnað til l. nr. 50/1990 um, að ákvæði lækna­laganna um skyldu lækna til að afhenda sjúklingi afrit af sjúkraskrá taki ekki til sjúkraskráa, sem færðar voru fyrir gildistöku laganna.

Í bréfi umboðsmanns Alþingis til stefnanda, dags. 31. ágúst 1990, kemur fram, að vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru á lækna­lögum nr. 53/1988, eigi hann þess ekki kost að fylgja eftir áliti sínu gagnvart stjórnvöldum.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað með stefnu, þingfestri 31. janúar 1991.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður kröfur sínar í máli þessu því, að það hafi verið tvímæla­laus regla íslensks réttar, allt þar til l. nr. 50/1990 gengu í gildi, að sjúklingar ættu rétt á að fá afrit af sjúkraskrá, sem um þá fjölluðu, nema mikilvægir almannahagsmunir eða hagsmunir einkaaðila mæltu því í gegn. Þetta sé í

samræmi við þá meginreglu, að einstaklingar eigi rétt á því að kynna sér þær upplýsingar, sem stjórnvöld skrá um einkahagi þeirra. Sú regla sé lögfest m. a. í löggjöf um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Þá hafi lögfesting reglunnar í 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 verið í samræmi við fyrri framkvæmd. Stefnandi hafi óskað eftir þessum gögnum á miðju ári 1988, og ekki leiki á því vafi, að stefnda Tómasi hafi þá verið skylt að afhenda stefnanda gögnin samkvæmt ákvæðum læknalaga. Stefndi Tómas hafi þverskallast við að svara óskum stefnanda og tekist að draga málið á langinn með ólögmætum hætti, allt þar til lögum hafi verið breytt árið 1990, en með þeirri löggjöf hafi hagsmunir og réttindi sjúklinga verið látin víkja fyrir óverulegum hagsmunum hluta læknaáttarinnar í landinu. Stefnandi heldur því fram, að þau réttindi, sem hann hafði til sjúkraskráa árið 1988, verði ekki af honum tekin með ólögmætum synjunum stefnda Tómasar og ólögmætu athafnaleysi stjórnvalda í verki. Ekki séu l. nr. 50/1990 afturvirk, svo að lögvernduð réttindi stefnanda hafi fallið niður. Þá er því haldið fram, að synjun stefnda Tómasar í verki hafi ekki verið réttlætt af mikilvægum almannahagsmunum eða mikilvægum hagsmunum einkaaðila, heldur hafi hann einungis verið að verja einkahagsmuni sína og e. t. v. einhverra samstarfsmanna sinna.

Þá er og lögð á það áhersla, að lögum nr. 53/1988, 16. gr., hafi verið ætlað að tryggja í sessi reglu íslensks réttar til að fá aðgang að sjúkraskrá til handa sjúklingum, og fari ekki á milli mála, hvert réttarsambandið hafi verið 1988 og 1989 allt til miðs árs 1990.

Verði talið, að ákvæði læknalaga nr. 53/1988, eins og þeim var breytt með l. nr. 50/1990, standi í vegi fyrir rétti stefnanda til að fá afhentar sjúkraskrárnar, þá er við það miðað, að lögin séu að því leyti ógild, þar sem þau brjóti í bága við grunnreglu íslensks stjórnskipunarréttar um rétt þegnanna til að kynna sér upplýsingar, sem stjórnvöld hafa skráð um einkahagi þeirra.

Þá er því haldið fram, að teljist bannregla læknalaga um afhendingu eldri skráa ekki ógild að stjórnskipunarrétti, þá gangi hún í berhögg við ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála, sem Íslendingar hafi gerst aðilar að, en í þeim teljist réttindi til að kynna sér upplýsingar, sem stjórnvöld hafi skráð um einkahagi manns, til mannréttinda. Því er haldið fram, að gangi ákvæði íslenskra laga í berhögg við ákvæði mannréttindasáttmála að þessu leyti, skuli landsréttur víkja fyrir ákvæðum í mannréttindasáttmálum.

Loks er staðhæft, að hagsmunir stefnanda sem sjúklings séu verulegir persónulegir hagsmunir, sem skylt sé að virða og vernda, en hagsmunir lækna af því, að sjúklingar fái ekki að kynna sér það, sem lækna rita um þá

í sjúkraskrá, séu óverulegir einkahagsmunir, sem verði að víkja, enda hafi ekki verið færð að því nein rök, að þeir hagsmunir séu þess eðlis, að ástæða sé til að veita þeim hagsmunum lagavernd. Þá er og til þess vitnað, að stefndu hafi ekki borið fyrir sig, að nein efnisrök mæli því í gegn, að stefnandi fái afhentar sjúkraskrár sínar.

Um aðild stefndu að máli þessu vísar stefnandi til þess, að stefndi Tómas Helgason sé yfirlæknir á geðdeild Landspítala, þar sem til varðveislu séu sjúkraskrár þær, sem krafist sé afhendingar á. Yfirlæknir geðdeildar beri ábyrgð á lækningum, sem þar fari fram, samkvæmt 29. gr., 2. mgr., laga nr. 59/1983. Yfirlæknir hafi og eftirlit með starfsemi deildar. Í þessu felist, að hann hafi vald til að afhenda allar sjúkraskrár, sem í vörslum deildar séu. Tómasi Helgasyni yfirlækni sé því stefnt til að afhenda sjúkraskrárnar. Landlækni sé stefnt vegna ákvæða 3. gr. laga nr. 59/1983 og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988. Stjórn Ríkisspítala sé stefnt vegna ákvæða 30. gr. laga nr. 59/1983 og enn fremur til öryggis vegna 16. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1988, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1990. Ekki felist nein viðurkenning í tilvísun þessari á gildi ákvæðisins, að því er stefnukröfu málsins varðar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. heilbrigðisráðuneytisins sé stefnt sem æðsta stjórnvaldi á sviði heilbrigðismála, sbr. t. d. 2. og 4. gr. laga nr. 59/1983.

Um lagarök vísar stefnandi til reglugerðar nr. 34/1964, læknalaga nr. 80/1969, laga um heilbrigðisþjónustu nr. 50/1983, laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og eldri laga um sama efni, nr. 63/1981 og nr. 39/1985, læknalaga nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990, 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 17. gr. alþjóðasamnings um stjórn mála og borgaraleg réttindi. Þá er og vísað til grunnreglu íslensks stjórnskipunarréttar um rétt manna til að kynna sér gögn, sem stjórnvöld hafa skráð um einkahagi þeirra.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda Tómasar Helgasonar.

Stefndi skírskotar til þess, að í 16. gr. laga nr. 53/1988, eins og henni var breytt með lögum nr. 50/1990, segi berum orðum, að skylda til að afhenda sjúklingi sjúkraskrá gildi ekki um skrár, færðar fyrir gildistöku laganna. Vakni þá sú spurning, hvort stefnandi geti nú gert kröfu um afhendingu á grundvelli umdeilds skilnings á 16. gr. laganna frá 1988 þrátt fyrir þá breytingu, sem gerð hafi verið með lögum nr. 50/1990.

Þegar skýra eigi lagaskil milli eldri og yngri laga, sé það aðalregla, að yngri lög gangi fyrir eldri (lex posterior-reglan). Þar sem talið verði, að hún gefi ekki glögga bendingu, sé litið til þess, hvenær þau atvik, sem um sé

fjallað, hafi gerst, þ. e., hvort það hafi verið í tíð eldri eða yngri laga. Það atvik, sem hér ráði úrslitum, sé afhendingin sjálf til stefnanda, og hún hafi ekki farið fram. Um hana eigi því að beita lögnum, sem yngri séu, þ. e. lögnum frá 1990.

Ekki sé á það fallist, að stefnandi hafi átt lögvarinn rétt til sjúkraskrána, þegar hann hafi beðið um aðgang að þeim 1988. Það leiði ekki heldur til, að taka beri kröfu stefnanda til greina, þótt á því væri byggt. Ekkert ákvæði í lögnum frá 1990 sé um, að menn hafi getað áunnið sér rétt til afhendingar, sem haldist eftir gildistöku yngri laga. Vandséð sé, hvers konar réttur þetta gæti verið að lögum og eftir hvaða meginreglu hann ætti að standa andstætt algerlega ljósu ákvæði í lögnum frá 1990. Sé sýknukrafa stefnda Tómasar því í fyrsta lagi reist á 16. gr. laga nr. 53/1988 með breytingu skv. 3. gr. laga nr. 50/1990. Verði ekki fallist á sýknukröfu á þessum grundvelli, er sýknukrafan til vara studd þeim rökum, að ekki hafi eftir 16. gr. laga nr. 53/1988 borið að afhenda stefnanda sjúkraskrárnar. Í fyrsta lagi telur stefndi Tómas, að stefnandi geti ekki farið eftir 16. gr. laga nr. 53/1988, eins og hún var til 1990, þar sem þá yrði um afturvirkni að ræða. Það sé meginregla, að slíkt sé ekki viðurkennt í íslenskum rétti. Í öðru lagi sé einungis skylt að afhenda sjúkraskrá skv. lagagreininni, ef það þjóni ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Ekki verði séð, að af hálfu stefnanda sé vísað til sérstakra hagsmuna hans, sem séu aðrir en hagsmunir annarra sjúklinga geðdeilda. Af hálfu stefnda Tómasar sé haldið fram, að það þjóni almennt ekki hagsmunum sjúklinga geðdeilda að fá afrit af sjúkraskrá sínum. Um það sé m. a. vísað til röksemda í umsögn Læknafélags Íslands og læknadeildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á læknaögum. Jafnframt er lögð áhersla á, að í sjúkraskrá geðdeilda séu yfirleitt upplýsingar, sem hafðar séu eftir aðstandendum sjúklings, og erfitt sé að greina þær frá öðrum hlutum sjúkraskrár. Slíkar upplýsingar séu iðulega þess efnis, að það gæti haft mjög neikvæð áhrif á samband sjúklings við sína nánustu, ef sjúklingur fengi þær í hendur. Stefndi Tómas telur, að stefnanda hafi borið að sýna fram á það, að um ótvíræða hagsmuni hafi verið að ræða. Slíkt geti honum þó ekki tekist, þar sem almennt þjóni það ekki hagsmunum sjúklinga geðdeilda að fá í hendur sjúkraskrár sínar.

Stefndi telur, að fyrir setningu læknalaga nr. 53/1988 hafi læknum ekki verið skylt að afhenda sjúklingi sjúkraskrá eða afrit af henni, nema slíkt væri nauðsynlegt vegna dómsmáls. Ekki sé því fallist á þá fullyrðingu stefnanda, að það hafi verið regla, allt þar til lög nr. 50/1990 gengu í gildi, að sjúklingar ættu rétt á að fá afrit af sjúkraskrá. Stefndi telur, að slíkur réttur hafi ekki falist í 10. gr. laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum,

er varða einkamálefni, sbr. 10. gr. l. nr. 63/1981 og 10. gr. l. nr. 39/1985. Þar hafi einungis verið um að ræða rétt til þess, að sjúklingur fengi upplýsingar um efni sjúkraskráa sinna, en ekki rétt til að fá afhent afrit af þeim, og telur stefndi, að þær reglur, sem farið hefur verið eftir á geðdeild Landspítala, séu í fullu samræmi við fyrrgreind lagaákvæði. Sú fullyrðing, sem fram komi í greinargerð með frumvarpi til læknalaga, sem lagt hafi verið fram á 109. löggjafarþingi, 1986, að aðeins sé um að ræða nýmæli í lögum, en ekki í framkvæmd, sé röng, a. m. k. að því er varðar geðdeildir. Þetta komi m. a. fram í umsögn Læknafélags Íslands og læknadeildar Háskóla Íslands frá 17. apríl 1990 um frumvarp til laga um breytingar á læknalögum, en þar segi m. a. „... . Þvert á móti hafi það aldrei tíðkast að afhenda sjúkraskrár eða afrit þeirra. Hins vegar hafi sjúklingum verið sagt frá því sem máli skipti úr sjúkraskránum ef þeir hafi óskað eftir að vita hvað væri skráð. Það hefur þá gert sá læknir sem hafði með sjúklinginn að gera. . .“

Af hálfu stefnanda sé því haldið fram, að ákvæði læknalaga nr. 53/1988, eins og þeim hafi verið breytt með lögum nr. 50/1990, brjóti í bága við grunnreglu íslensks stjórnskipunarréttar um rétt þegnanna til að kynna sér upplýsingar, sem stjórnvöld hafi skráð um einkahagi þeirra. Um þetta séu ákvæði í settum lögum og því vart um neina óskráða grundvallarreglu stjórnskipunarréttar að ræða. Þessi ákvæði sé að finna í IV. kafla l. nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. þeirra laga er skylt að skýra viðkomandi frá persónuupplýsingum, sem skráðar eru. Þessi réttur vikur þó samkvæmt 2. mgr. 9. gr. fyrir ótvíræðum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þar með töldum hagsmunum hins skráða sjálfs. Þá er í 10. gr. laganna tekið fram, að um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá fari eftir ákvæðum læknalaga.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að ákvæði læknalaga um, að ekki sé skylt að afhenda eldri skrár, séu andstæð 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Sú grein fjalli um friðhelgi einkalífs og eigi ekki við. Jafnvel þótt talið væri, að hún ætti almennt við um rétt til aðgangs að persónuupplýsingum, sé bent á þær takmarkanir, sem felast í 2. mgr. 8. gr. Þá eigi 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi ekki heldur við. Sú grein sé næsta þröng, því að hún taki einungis til „geðþótta- eða ólögmatrar“ röskunar á einkalífi. Stefndi telur því, að 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 50/1990, brjóti ekki í bága við tilvitnuð ákvæði þjóðréttarsamninga, en bendir þó jafnframt á, að þjóðréttarsamningar hafi ekki lagagildi hér á landi nema fyrir atbeina löggjafarvaldsins, og því beri að fara að landslögum, séu ákvæði þjóðréttarsamninga og landslaga ósamrýmanleg.

Þá sé því haldið fram af stefnanda, að um sé að ræða óverulega einkahagsmuni lækna, sem eigi að víkja fyrir hagsmunum stefnanda, sem séu verulegir persónulegir hagsmunir. Af hálfu stefnda er það ítrekað, að það þjóni almennt ekki hagsmunum sjúklinga geðdeilda að fá afrit af sjúkraskráum sínum. Þvert á móti geti það verið skaðlegt fyrir sjúklinginn og samband hans við sína nánustu. Í öðru lagi þurfi að taka tillit til hagsmuna þriðja manns, sem gefi upplýsingar í trúnaði. Í þriðja lagi beri að taka tillit til þeirra starfsmanna, sem skráð hafi sjúkraskrá í þeirri trú, að hér væri einungis um að ræða vinnugögn þeirra, sem hefðu sjúklinginn til meðferðar. Síðast, en ekki síst, sé skylt að vernda hagsmuni þriðja manns, sem fjallað sé um í sjúkraskrá.

Af hálfu stefndu stjórnarnefndar Ríkisspítalanna er tekið fram, að ekki sé fullljóst, hverju aðild þeirra skipti að lögum, en ekki sé krafist sýknu vegna aðildarskorts. Um lagarök vegna þessa stefnda er vísað til lagaraka stefnda Tómasar Helgasonar.

IV.

Málsástæður og lagarök stefndu landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Sýknukrafa stefndu er reist á aðildarskorti. Ekki verði séð, að þeir geti átt hér beina sakaraðild. Þeir hafi ekki undir höndum þau gögn, sem krafist sé afhendingar á, og dómkröfur á hendur þeim felist í að þola dóm um dómkröfur á hendur stefnda Tómasi Helgasyni. Dómkröfum sé þannig í reynd eingöngu beint að honum. Við þær aðstæður væri réttargæsluáðild hugsanleg, en um beina sakaraðild geti hins vegar ekki verið að ræða.

Tekið er fram, að stefndu hafi reynt það, sem í þeirra valdi stóð, að stuðla að því allt fram að gildistöku laga nr. 50/1990, að stefnandi fengi afhent afrit sjúkraskrár sinnar, svo sem hann krafðist. Þær tilraunir hafi ekki borið árangur. Sérstaklega er andmælt fullyrðingum stefnanda þess efnis, að þeir hafi ekki gert allt, sem unnt hafi verið með sanngirni að ætlast til af þeim, til að stefnandi fengi afrit sjúkraskrárinnar í hendur.

Tekið er fram, að það sé afstaða stefndu, að á meðan 16. gr. laga nr. 53/1988 gilti óbreytt, hafi stefnandi átt rétt til þess að fá í hendur afrit sjúkraskrár sinnar, enda hafi hann haft uppi kröfu þar um eftir setningu þeirra laga. Í samræmi við það hafi stefndu stuðlað að því, svo sem í þeirra valdi stóð, að hann fengi þeirri kröfu sinni framgengt. Af þeirri breytingu, sem gerð hafi verið á 16. gr. laganna með lögum nr. 50/1990, leiði, að stefndu séu ekki lengur í aðstöðu til að stuðla að því, að stefnandi fái í hendur umbeðna sjúkraskrá sína, en hún hafi öll verið færð fyrir setningu þessara laga.

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, rökstyður stefnandi kröfur sínar í málinu með því, að það hafi verið tvímælalaus regla íslensks réttar, allt þar til lög nr. 50/1990 um breytingu á læknaöögum nr. 53/1988 gengu í gildi, að sjúklingar ættu rétt á að fá afrit af sjúkraskrá, sem um þá fjölluðu, nema mikilvægir almannahagsmunir eða hagsmunir einkaaðila mæltu því í gegn.

Um skyldu til afhendingar sjúkragagna var ekki kveðið á í læknaöögum fyrr en með lögum nr. 53/1988, er lögbundin var ný regla um það efni í 16. gr. laganna, svohljóðandi: „Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings.

Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu, er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

Um aðgang manna að skráðum upplýsingum um einkamálefni hafa lengst af ekki verið til skráðar reglur í íslenskum rétti. Fyrstu lög, sem sett voru um þetta efni, voru lög nr. 63/1981 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Þau lög tóku til hvers konar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum um einkamálefni einstaklinga. Í 2. mgr. 10. gr. laganna var sérregla um upplýsingar úr sjúkraskrá, þar sem sagði: „Nú telur maður, að upplýsingar um hagi sína séu ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistur eða sjúkraskrár, og vill hann fá vitneskju um efni þeirra. Skal hann þá óska þess við heimilislækni sinn eða annan þann lækni, sem fjallað hefur um heilsuhagi hans, að hann leiti eftir upplýsingum þessum frá þeim, sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þessi aðili skýrir læknum frá upplýsingunum, svo að honum sé kleift að koma þeim á framfæri við viðkomandi.“

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 63/1981 segir um greinina, sem í frumvarpinu var 27. gr.: „Um upplýsingar, sem sjúkraálar eða önnur sjúkraregistur eða sjúklingaskrár geyma, eru sérstakar reglur í 2. málsg. Er lagt til, að fyrirmynd danska frumvarpsins um þess konar skráningu, að miðlun upplýsinga fari um hendur heimilislæknis eða annars þess læknis, sem fjallað hefir um heilsu þess, sem í hlut á. Snýr lækningurinn sér þá til skráningaraðilja og fær upplýsingar frá honum. Kemur lækningurinn síðan upplýsingunum á framfæri við hinn skráða aðilja, eftir því sem hann telur fært og forsvaranlegt. Þessi regla styðst við tvenns konar sjónarmið. Í fyrsta lagi eru skráðar upplýsingar oft torskildar fyrir annan en læknisfróðan mann og myndu því

koma að takmörkuðum notum fyrir manninn sjálfan í mörgum tilvikum. Í öðru lagi getur beinlínis verið skaðlegt eða a. m. k. varhugavert, að sjúkl- ingur fái beinar upplýsingar um heilsuhagi sína. Er nærlægast, að sá læknir, sem fjallað hefir um heilsuhagi manns, meti þetta.“

Í 10. gr. laga nr. 39/1985, sem leystu lög nr. 63/1981 af hólmi, var regla um rétt til upplýsinga úr sjúkragögnum óbreytt. Lögin tóku gildi 1. janúar 1986 og féllu úr gildi 31. desember 1989. Í nágildandi lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, sem öðluðust gildi 1. janúar 1990, er í 10. gr. laganna sett sérregla um sjúkraskrár, svohljóðandi: „Um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni hans, fer eftir ákvæðum læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988.“

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 121/1989 segir svo um 10. gr.:

„Með setningu læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988 var í 16. gr. lögmælt ný regla um aðgang sjúklinga eða forráðamanna þeirra að sjúkraskrá í heild eða að hluta. Segir þar, að lækni sé skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni, ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða læknalaga um þagnarskyldu lækna, sé lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu. Gerir lagaákvæði þetta ráð fyrir því að heilbrigðisráðherra setji nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands. Með hliðsjón af því, að í læknalögum hafa verið settar framangreindar sérreglur um rétt manna til aðgangs að heilsufarsupplýsingum um þá sjálfa sem víkja nokkuð frá ákvæðum gildandi tölvulaga, þykir hentast í frumvarpi þessu að vísa til ákvæða læknalaga í þeim efnum.“

Þegar framangreind lagaákvæði, sem giltu um rétt manna fyrir gildistöku læknalaga nr. 53/1988 til þess að fá vitneskju um efni sjúkraskráa, er um þá fjölluðu, eru virt, verður ekki séð, að sjúklingar hafi þá almennt átt rétt á því að fá sjúkraskrár afhentar, eins og haldið er fram af stefnanda. Meginreglan var sú, að einstaklingar áttu rétt á því að kynna sér þær upplýsingar, sem um þá voru skráðar í sjúkraála, sjúkraregistur eða sjúkraskrár, en í því sambandi var gert ráð fyrir milligöngu heimilislæknis eða annars læknis, sem fjallað hafði um heilsuhagi viðkomandi.

Svo sem fyrr var að vikið, var með 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, sem gildi tóku 1. júlí 1988, lögfest sú meginregla, að lækni væri skylt að afhenda sjúklingi eða forráðamanni hans afrit sjúkraskrár. Á 112. löggjafarþingi, 1989-90, 14. mars 1990 lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fram frumvarp til

laga um breytingu á lækna­lögum nr. 53/1988. Var frumvarpinu ætlað að breyta nokkrum atriðum laga nr. 53/1988 eftir reynslu af tveggja ára framkvæmd þeirra. Í 5. gr. frv. var svohljóðandi breyting gerð á 2. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988:

„Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, alla eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum, sem lögum samkvæmt athuga kær­u sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Gildir þetta einnig um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga.“

Um grein þessa sagði í athugasemdum með frumvarpinu, að heilbrigðisráðuneytið hefði haft til athugunar tillögur Lækna­félags Íslands og landlæknis um reglur vegna afhendingar sjúkraskráa. Telji ráðuneytið, að laga­ákvæðið, sem reglur þessar taka mið af, sé ekki nægilega skýrt, og geri því tillögur um breytingar á ákvæðinu. Í athugasemdum með frumvarpinu kom það einnig fram, að ljóst þyrfti að vera, að skylda til afhendingar næði til eldri sjúkraskráa. Í framsögu flutningsmanns, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kom það m. a. fram, að ráðuneytið hefði túlkað heimild læknalaga frá 1988 þannig, að afhendingarskyldan ætti einnig við um sjúkraskrár, sem færðar voru fyrir gildistöku laganna frá 1988, en nauðsynlegt væri, að þetta kæmi skýrt fram í lög­unum sjálfum. Í breytingartillögum við lagafrumvarp þetta frá heilbrigðis- og trygginganefnd neðri deildar Alþingis var m. a. lagt til, að 5. gr. frumvarpsins yrði breytt þannig, að í stað orðanna: „Gildir þetta einnig“ – skyldi koma: „Þetta gildir þó ekki“. Í nefndarátliti sagði: „Mikið var rétt um afhendingu sjúkraskráa og upplýsinga úr þeim. Nefndin er sammála um að leggja til að fyrrsögn greinarinnar breytist þannig, að heiti hennar verði: Meðferð upplýsinga í sjúkraskrám, en ekki: Afhending sjúkraskráa. Þá eru tekin af öll tvímæli um að ákvæði um afhendingu afrita úr sjúkraskrám séu ekki afturvirk.“ Var frumvarpið svo breytt, að því er hér skiptir máli, samþykkt og afgreitt sem lög frá Alþingi nr. 50 5. maí 1990, og tóku þau gildi 31. maí 1990. Eftir þá breytingu, sem gerð var á 16. gr. laga nr. 53/1988 með 3. gr. laga nr. 50/1990, hljóðar greinin í heild svo:

„Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis sem hana færir.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kær­u sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsfólki, skal ekki sýna nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Nú telur læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár og skal læknir þá án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlæknir skal innan átta vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.“

Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 16. gr. læknalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1990 um breytingu á þeim lögum, er sú takmörkun gerð, að meginreglan um afhendingu sjúkraskráa gildir ekki um sjúkraskrár, sem færðar eru fyrir gildistöku laganna. Þetta ber að skilja svo, að lækni sé ekki skylt að afhenda sjúklingi afrit sjúkraskrár, sem færð hefur verið fyrir gildistöku laga nr. 53/1988, eins og skýrt kom fram í framsögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í efri deild Alþingis, er breytingarlögin, eins og þau þá voru orðin, voru þar til 1. umræðu. Samkvæmt viðurkenndum skýringaraðferðum um skil eldri laga og yngri skulu yngri lög ganga fyrir eldri, þannig að ekki stendur nú lagaskylda til að afhenda stefnanda þær sjúkraskrár, sem hann gerir kröfu til og varða tímabil fyrir gildistöku laganna, árin 1976 til 1986. Að því er varðar afturvirkni laga nr. 50/1990 að þessu leyti, ber að líta til þess, að lögin kveða sjálf á um þennan gildistíma og að mál þetta hefur stefnandi höfðað eftir gildistöku þeirra. Lögin eru sett með stjórnskipulegum hætti, eins og að framan getur, og í samræmi við vilja löggjafans. Samkvæmt þessu verður talið, að ákvæði 2. mgr. 16. gr. læknalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1990, sé því nú til fyrirstöðu, að kröfur stefnanda séu teknar til greina.

Þá telur stefnandi, að ákvæði læknalaga nr. 53/1988, eins og þeim var breytt með lögum nr. 50/1990, séu að því leyti ógild, þar sem þau brjóti í bága við grunnreglu íslensks stjórnskipunarréttar um rétt þegnanna til að kynna sér upplýsingar, sem stjórnvöld hafi skráð um einkahagi þeirra. Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Hvorki er í íslenskum stjórnlögum að finna skráða reglu um upplýsingaskyldu stjórnvalda né hefur íslenskur stjórnskipunarréttur ella að geyma óskráða grunnreglu þar um, sem gangi framar þeim lagareglum, er um þetta efni gilda og vikið er að hér að framan. Í núgildandi lögum um þetta efni, lögum nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, kemur fram í 1. mgr. 9. gr. almenn regla um rétt manna til aðgangs að persónuupplýsingum, sem um þá hafa verið

skráðar. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laganna gildir þetta þó ekki, ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þar með töldum hagsmunum hins skráða sjálfs. Þá er í 10. gr. laganna tekið fram, að um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá fari eftir ákvæðum læknalaga nr. 53/1988, eins og fyrr var vikið að. Kröfur stefnanda verða því ekki teknar til greina á þessum grundvelli.

Þá heldur stefnandi því fram, að regla læknalaga nr. 53/1988 um það, að ekki sé skylt að afhenda eldri sjúkraskrár, sé andstæð alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, sem Ísland hafi gerst aðili að. Er hér átt við Mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðlegan sáttmála um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Ákvæði þessara sáttmála verða ekki lögð til grundvallar niðurstöðu í málinu, þar sem um er að ræða þjóðréttarlegar skuldbindingar, sem hafa ekki öðlast lagagildi hér á landi. Kröfur stefnanda verða því ekki heldur teknar til greina á þeim grundvelli.

Loks byggir stefnandi á því, að verulegir persónulegir hagsmunir sínir andstætt óverulegum einkahagsmunum lækna eigi að leiða til þess, að hann fái afhentar sjúkraskrár sínar. Ekki verður talið, að álitaefni um slíkt hagsmunamat hafi þýðingu varðandi afhendingu sjúkraskrár umfram það, sem fyrir er mælt í 4. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990. Kröfur stefnanda verða því ekki heldur teknar til greina á þessum grundvelli.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda Tómas Helgason af öllum kröfum stefnanda, sem þegar af þeirri ástæðu leiðir og til sýknu annarra stefndu í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 200.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts, sem greiða ber af málflutningsþóknun í ríkissjóð.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Tómas Helgason, landlæknir f. h. landlæknisembættisins, stjórn ríkisspítalanna f. h. ríkisspítalanna og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Þórs Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með

talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 200.000 kr.
